



## **Tvítýngi/fjöltyngi, ávinningur fyrir einstakling og samfélag.**

*Morgunverðarfundur um menntun innflytjenda*

Fríða B. Jónsdóttir

Verkefnastjóri/ráðgjafi v. fjölmennningar

Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

# Hvað er tvítyngi?

*Birna Arnbjörnsdóttir 2000, 2007 og 2010.*

- Máltaka tveggja/fleiri tungumála samtímis leiðir til tvítyngis. Ef barn lærir tvö eða fleiri mál samstímis fyrir u.þ.b. 11-12 ára aldur verða öll málin móðurmál en eingöngu ef bæði tungumálin eru notuð reglulega og nægilegt ílag (e. *input*) fæst úr málumhverfinu.
- Þegar barn notar tvö tungumál eða fleiri daglega og „lífir“ þannig í báðum (öllum) tungumálunum er talað um „virkt tvítyngi“.
- Börn virðast hafa alla burði til að læra tvö eða fleiri mál samtímis og verða tvítyngd.

# Málviðbót eða málskipti!

- Málviðbót (e. *additive bilingualism*)
  - Með virku tvítyngi er stefnt að því að seinna málinu (hér íslensku) sé bætti við smám saman.
- Málskipti (e. *subtractive bilingualism*)
  - Þegar máltaka annars máls hefst á eftir máltöku móðurmálsins og því er ekki viðhaldið verða málskipti.
  - Það tekur stuttan tíma að tapa móðurmáli.



# Virkt tvítyngi og skólanámskrár

- Aðalnámskrá grunnskóla
  - Íslenska sem annað mál
  - Lögð áhersla á að stefnt skuli að „virku tvítyngi“.
- Í aðalnámskrá leikskóla er ekki fjallað um íslensku sem annað mál eða virkt tvítyngi.
  - segir að leikskólastarfið skuli byggja á jafnrétti, virðingu fyrir margbreytileika mannlífsins og öðrum menningarheimum.
- Afdráttarlaus stefna um að á öllum skólastigum beri að virða og vinna með móðurmál og stefna að virku tvítyngi. Þetta á ekki síst við á þeim viðkvæmu mótunarárum sem leikskólaárin eru.

# En af hverju móðurmál?

- Þurfum að átta okkur á djúpstæðri og líkamlegri tilveru móðurmálsins í huga og hjarta hvers og eins. Náum aldrei þeim árangri í tungumálum sem lærast síðar.
- Móðurmálið hefur grundvallaráhrif á tilfinninga, vitsmuna, líkams og félagsþroska enda hefur það tekið sér bólfestu í öllum krókum og kimum vitundarinnar.
- Nelson Mandela sagði eitt sinn:
  - *If you talk to a man in a language he understands, that goes to his head. If you talk to him in his language, that goes to his heart“*
- Þegar við tölum og heyrum móðurmál okkar myndast djúpstæðar tengingar á milli heila, hjarta og tungu sem hafa stöðug áhrif á heildarþroska okkar, sýn og þekkingu á heiminum.
  - **Loka augunum og hugsa um læk**

# Mikilvægi móðurmálsins

- Móðurmál og íslenska byggja hvort á öðru í stað þess að taka hvort frá öðru.
- Móðurmálið mikilvægur grunnur fyrir máltöku annars máls
- En móðurmálið er ekki síður mikilvægt í sjálfu sér fyrir einstaklinginn og allan þroska hans.
- Ferlið við að læra íslensku sem annað mál er heildstætt ferli þar sem barnið þarf að vera í brennidepli.
- Í frelsinu að fá að vera maður sjálfur á sköpunin sér stað.



# Að ná árangri í námi



- Fjölmarginnir sem hefur áhrif á tækifæri nemenda með annað móðurmál en íslensku til þess að ná árangri í námi.
  - Ýmsar sérsniðnar aðferðir gera oft minna gagn en almennar aðferðir þegar verið er að kenna börnum íslensku sem annað mál. Ofuráhersla á sérkennslu í íslensku verður oft á kostnað annarra þátta sem hafa áhrif á málproska barna (Elín Þöll Þórðardóttir:2007).
- Menntun tvítyngdra barna felst ekki í tungumálakennslu eingöngu heldur því að veita tvítyngdum einstaklingum menntun við hæfi. Að því leyti eru markmið menntunar tvítyngdra barna ekki frábrugðin markmiðum menntunar almennt.
  - Skólastarfið þarf að aðlaga að nýjum tímum og aðstæðum – að fjölmenningslegri nemendahópi og tryggja þannig jöfn námstækifæri allra barna.





# Fjölgun tvítyngdra barna í leik- og grunnskólum á Íslandi.

## ■ Leikskólinn:

- 1998 - 572 börn
- **2011 – 1900 börn** (660 pólskumælandi)

## ■ Grunnskólinn:

- 1997- 377 nemendur
- **2011 – 2417 nemendur** (800 pólskumælandi)
- Fjöldi tungumála mikill á landsvísu eða yfir 00 tungumál



# Viðhorf og sýn til móðurmáls og tvítyngis

- Til þess að tvítyngd börn geti náð raunverulegum árangri í námi verður að huga að félagslegu jafnrétti og rannsaka hvernig stefnumótun, viðhorf og væntingar skólasamfélagsins stýra því hverjir eru velkomnir og hverjir eru útilokaðir (Cummins 2004).
- Eigin skoðanir og viðhorf endurspeglast í samskiptum skólasamfélagsins við nemendur:
  - Virðing, jákvæð samskipti, næmi fyrir ólíkum þörfum og fjölbreyttri reynslu nemenda er undirstaðan að góðu námsumhverfi
- Umræða um íslenskukunnáttu tvítyngdra barna oft einkennst af því sem kallast hallalíkan (*e. deficit model*).
  - Horft á það sem börn vantar og kunna ekki (íslenska)
  - Ekki horft á það sem börn hafa og kunna (móðurmál)
  - Þarf að laga þau og lækna og síðan geta þau tekið þátt í skólastarfinu

# Nýlegar íslenskar rannsóknir/kannanir

- Víða greinast allt of mörg tvítyngd börn með þroskafrávik (Banks, 2010).
- Samantekt á fjölda barna með annað móðurmál en íslensku sem greid eru með þroskafrávik (Elísabet Helga Pálmadóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, 2011).
  - Börn sem greinast með málþroskafrávik 46%
  - Börn sem greinast með almenna þroskaröskun 27%
- Úttekt á sérkennslu í leikskólum Reykjavíkur (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2011).
- Viðhorf grunnskólakennara til kennslu barna með íslensku sem annað mál
  - 63% þeirra telja kennslu tvítyngdra barna vera afbrigði sérkennslu (Hulda Karen Daníelsdóttir ofl. 2010).



# Nýlegar íslenskar rannsóknir

- Tallis rannsóknin 2009
  - Íslenskir grunnskólakennarar hafa góða trú á eigin getu í kennslu barna þar til kemur að því að kenna nemendum með annað móðurmál en íslensku
  - Trú kennara á eigin getu hefur áhrif á gæði kennslunnar og hvort þeir trúa því að öll börn geti lært
  - Ef kennarar hafa litlar væntingar til barna og trúa því síður að þau geti lært er hættu á að kröfurnar verði of litlar og nemendur komist í gegnum skólagönguna án þess að sýna árangur
- Rannsókn á hlutverki leikskólakennara í fjölbreyttum barnahópi leiddi í ljós að lítil þróun varð á örvun og kennslu íslenskunnar eftir því sem börnunum fór fram í íslensku (Fríða B. Jónsdóttir 2011).

# Nýlegar íslenskar rannsóknir

- Rannsókn á skólaorðaforða 266 tvítyngdra grunnskólabarna með það að markmiði að hanna málkönnunarprófið „Á milli mála“ (Elín Þöll Þórðardóttir 2013).
- Elín Þöll skiptir nemendum í þrjá hópa grænan, gulan og rauðan eftir því hver útkoma þeirra er í prófinu.
  - Grænn hópur: 20% nemenda hafa náð góðum tókum á íslensku.
  - Gulur hópur: 20% nemenda þurfa á sérhæfðum stuðningi að halda.
  - Rauður hópur: 60% nemenda hafa svo lítil tók á íslensku tungumáli að þeir geta illa fylgst með því sem fram fer í kennslustundum og hafa enga möguleika á að stunda hefðbundið framhaldsnám.
- Málkönnunarprófið „Á milli mála“ verður í þróun fyrstu 2 árin í Reykjavík og nýtt til að meta íslenskukunnáttu nemenda með það að markmiði að veita þeim kennslu við hæfi.

# Að lokum

- Byggja þarf upp fjölmennningarlegt skólastarf sem lítur á þekkingu og reynslu allra í skólasamfélaginu sem auðlind sem nýtt er í þágu allra barna og fullorðinna. Með því skapast gagnvirk þekking og færni til að eiga í samskiptum þvert á menningu og móðurmál en í ört minnkandi heimi verður sú færni æ mikilvægari.
  - Þurfum sameiginlega sýn og markvissa áætlun stjórnvalda og skóla í samstarfi við foreldra sem hefur það að markmiði að gera tvítyngd börn stolt af menningu sinni og móðurmáli um leið og þau efla færni sína í íslensku
  - Skapa þarf almenna vitneskju og þekkingu á því að virkt tvítyngi sé jákvætt fyrir einstaklinginn og fyrir samfélagið í heild en að málskipti hafi neikvæð áhrif á tengsl einstaklinga við eigið sjálf og fjölskyldur þeirra með slæmum afleiðingum fyrir náms- og vitsmunaproska.
  - Koma í veg fyrir að hér vaxi úr grasi fólk sem vegna lítillar íslenskukunnáttu og menntunarskorts lifir á jaðri íslensks samfélags.